



Skýrsla um erlent samstarf árið 2022
Verkmennaskólinn á Akureyri

Dagný Hulda Valbergsdóttir tók saman

1. Almennt um erlent samstarf.

Verkmenntaskólinn á Akureyri leitast við að taka þátt í alþjóðlegu samstarfi í þeim tilgangi að læra af öðrum og miðla þekkingu og reynslu. Skólinn leggur því áherslu á að veita nemendum og kennurum tækifæri til að kynnst námi og starfi erlendis - og með því mögulega leggja grunninn að frekara samstarfi eða námi síðar. Á þeim vettvangi standa skólanum til boða ýmsir kostir sem grundvallaðir eru með styrkjum úr Nordplus og Erasmus plus áætlunum, auk þess sem Uppbyggingarsjóður EES rekur eitt verkefnið. Þá fær skólinn heimsóknir á hverju ári frá erlendum skólum og stofnunum og eru slíkar heimsóknir oft nýttar til að styrkja erlent tengslanet skólans. Í skólanum er starfandi verkefnastjóri sem heldur utan um erlend samskipti. Hann bendir starfsfólki og nemendum á þá kosti sem gætu hentað hverju sinni, aðstoðar við að fylla út umsóknir og miðlar verkefnum eftir því sem hentar. Þá aðstoðar hann nemendur og kennara erlendis frá við að koma sér fyrir í starfsnámi á Akureyri, sé þess óskað. Í janúar 2022 tók nýr verkefnastjóri við af Hildi Friðriksdóttur, Dagný Hulda Valbergsdóttir og hefur hún aðstöðu á bókasafni VMA.

Ferðatakmarkanir covid höfðu lítilla áhrif á árið 2022. Eftir frestanir síðustu ára vegna covid fóru erlend samskipti á fullt á margföldum hraða og gengu almennt vel fyrir sig, með örfáum hnökrum vegna takmarkana.

Á árinu 2022 var VMA þátttakandi í 13 erlendum verkefnum; 8 sem styrkt eru af Erasmus, 4 sem styrkt eru af Nordplus og 1 sem fjármagnað er af uppbyggingarsjóði EES.

2. Verkefni fjármögnuð af Erasmus



**Fjármagnað af
Evrópusambandinu**



**Samfjármagnað af
Evrópusambandinu**

Á árinu 2022 var VMA þátttakandi í 8 erlendum verkefnum sem styrkt voru af Erasmus+. Þar af voru 6 samstarfsverkefni (KA220, KA229 og KA202) og 2 náms- og þjálfunarstyrkir (KA102, „mobility styrkir“). Árið 2022 sendi VMA alls 34 nemendur og 16 starfsmenn til Evrópu á vegum samstarfsverkefna - en 6 nemendur og 11 starfsmenn í starfsspeglun og á námskeið á náms- og þjálfunarstyrkjum Erasmus+.

Þá sótti VMA um Erasmus aðildir fyrir verknám og bóknám í október sem kemur í stað KA102 mobility styrkjanna. Báðar aðildirnar voru samþykktar og verða gildar frá og með júní 2023. Það er í fyrsta skiptið sem VMA hefur aðgang að náms- og þjálfunarstyrkjum fyrir starfsfólk og nemendur á bóknámsbrautum en starfsfólk bóknámsbrauta hefur tekið þátt í mörgum Erasmus+ samstarfsverkefnum áður og búið að byggja sér upp stórt samstarfsnet í þeim verkefnum. Því er

aðildin bóknámsmegin kærkomin viðbót við alþjóðaverkefni bóknámskennara sem þegar hafa í mörg ár verið að byggja upp net samstarfsskóla fyrir VMA. Þau geta þá nýtt sér aðildina í annars konar heimsóknir sem þá frekar nýtist þeim í starfi og kennsluþróun og þau geta sérhæf að sinni grein. Við fögnum einnig aðildinni fyrir verknámið, en hefð hefur orðið til á sjúkraliða,- hárgreiðslu- og matvælabrautum að fara til Evrópu í starfsnám. Undirbúningur fyrir næsta skólaár hefur þegar hafist, sjúkraliðar stefna til Danmerkur og matvælanemar til Finnlands og Frakklands í gegnum gamlar og nýjar tengingar.

2.1. Elecoteam

2021-1-IS01-KA220-VET-000024804

VMA eru verkefnastjórar yfir ELECO TEAM verkefninu.

ELECTROECO TEAM er Erasmus+ samstarfsverkefni sex skóla sem kenna rafið; Verkmenntaskólinn á Akureyri, IES Santa Lucía á Kanaríeyjum, BMSZC Egressy Gábor Két Tanítási Nyelví Technikum í Búdapest Ungverjalandi, ITÜ í Istanbúl Tyrklandi, Agora í Roermond Hollandi og Solski Center í Celje Slóveníu. VMA stýrir verkefninu. Verkefnið gengur út á vinnusmiðjur þar sem nemendur skólanna vinna saman að verkefnum undir merkjum sjálfbærni og grænni orku. Áætlað er að 6 nemendur séu í hverjum hóp, einn frá hverju landi til að auka samskiptafærni þeirra í faginu, þar sem ekkert þeirra á sama móðurmál. Markmið verkefnisins eru fjölbætt; að vekja nemendur til meðvitundar um umhverfisáhrif loftslagsbreytinga, vekja nemendur og kennara til meðvitundar um nauðsyn þess að innleiða umhverfisvænar lausnir í fagið, veita nemendum tækifæri til þess að vinna að grænum frumkvöðlaverkefnum í alþjóðlegu umhverfi og síðast en ekki síst að skapa vettvang til þess að deila reynslu og skapa alþjóðleg tengsl. Hvert þáttökuland hýsir eina vinnusmiðju þar sem nemendur og kennarar allra landa hittast til þess að vinna saman að markmiðum verkefnisins.

Um tveggja ára verkefni er að ræða og hófst með upphafsfundum í Celje í Slóveníu í desember 2021 og fóru Hildur Friðriksdóttir, þá starfandi alþjóðafulltrúi og Magni Magnússon kennari á rafdeild á fundinn.

2.1.A.

Fyrsta vinnusmiðja. LTT1.

13. - 19. mars 2022.

Istanbúl, Tyrkland.

Þátttakendur: Haukur Eiríksson og Gísli Örn Guðmundsson, kennarar á rafinu. 4 nemendur.

Góður hópur ferðaðist til Tyrklands í fyrstu nemendaheimsókn Elecoteam. Verkefni nemenda voru fjölbreytt en í sex manna hópi áttu þau að byggja bíl, hús, vökvunarstöð og

dróna. Verkefnin gengu þokkalega, eingöngu vökvunarstöðin virkaði að lokum en nemendur lærðu ýmislegt um samvinnu og fengu að kynnst menningu Istanbúl vel. Þrátt fyrir snjó og rok í Istanbúl gekk ferðin vel.

Hér má nálgast verkefni og myndbönd úr ferðinni: [Work Meeting in Istanbul - Electro ECO Team \(elecoteam.eu\)](https://www.elecoteam.eu)

[Nemendur og kennarar úr rafiðndeild VMA í Evrópuverkefni í Istanbúl | Verkmenntaskólinn á Akureyri](#)

[Af Evrópuverkefnum nemenda VMA | Verkmenntaskólinn á Akureyri](#)

2.1.B.

Önnur vinnusmiðja. LTT2.

22. - 27. maí 2022.

VMA, Ísland.

Þátttakendur: 17 kennarar og 20 nemendur erlendis frá. Frá VMA voru allir kennarar af rafiðn auk Dagný, Jóhannes og 8+ núverandi og útskrifaðir nemendur af rafdeild.

Hingað mættu 17 kennarar og 20 nemendur í rafvirkjun/rafeindavirkjun frá fimm löndum: Slóveníu, Ungverjalandi, Hollandi, Tyrklandi og Kanaríeyjum. Þau kíktu í heimsókn í Laxárvirkjun og Kröflu, auk þess sem orka og fegurð Mývatns var skoðuð nánar. Kennarar okkar í rafdeild stjórnðu verkefninu með glæsibrag, með ómetanlegri aðstoð frá núverandi- og nýútskrifuðum nemum í faginu. Þá mættu nokkrir gestafyrirlesarar. Vikunni lauk með afhendingu viðurkenningaskjala í Gryfjunni, þar sem afrakstur vikunnar var sýndur á myndböndum. Auk hópsins sem var hér í heimsókn fyrir verkefnið, voru hér 5 rafvirkjakennarar frá Madríd í Erasmus+ starfsspeglun og fengu að taka þátt í hluta dagskrárinnar.

[Vel heppnað Evrópuverkefni í VMA | Verkmenntaskólinn á Akureyri](#)

[Work Meeting in Akureyri - Electro ECO Team \(elecoteam.eu\)](#)

2.1.C.

Þriðja vinnusmiðja. LTT3.

1. - 9. október 2022.

Kanaríeyjar, Spánn.

Þátttakendur: Björn Gunnar Hreinsson og Ari Baldursson, 4 nemendur af rafdeild.

Gestgjafar voru Instituto de Esenanza. Secundaria Santa Lucia á Kanaríeyjum á Spáni. Sem fyrr unnu nemendur í 6 manna hópum að verkefnum sem koma að sjálfbærni, samvinnu, tækni og grænni orku. Skipulag vikunnar var aðeins léttara en hafði verið í verkefninu hingað til, og rúmaðist dagskráin innan eðlilegs vinnudags. Ferðalagið var mjög langt en gekk vel.

[Work Meeting in Gran Canaria - Electro ECO Team \(elecoteam.eu\)](https://elecoteam.eu)

[Eitt og annað í erlendum samskiptum | Verkmenntaskólinn á Akureyri \(vma.is\)](https://vma.is)

[Mikið um að vera í Evrópuverkefnum á næstunni | Verkmenntaskólinn á Akureyri \(vma.is\)](https://vma.is)

2.1.D.

Annar stjórnendafundur - milliskýrslufundur. TM2.

13.-18. nóvember 2022.

Istanbul, Tyrkland/að lokum haldinn rafrænn

Þátttakendur: Dagný Hulda Valbergdóttir og Jóhannes Árnason

Dagný og Jóhannes áttu að fara til Tyrklands á milliskýrslufund hjá ELECOTEAM. Þar stóð til að hitta 10 aðra verkefnastjóra frá 5 þáttökulöndum og vinna saman skýrslu en VMA stjórnar verkefninu. Þegar Dagný og Jóhannes voru lögð af stað til Köben varð sprengjuárás í Istanbul. Því sneru þau við þegar til Köben var komið. Þau voru því 27 klukkustundir á ferðinni með 12 klukkustunda stoppi yfir nótt í Köben. Úr varð að fundurinn var haldinn rafrænt og gekk það vel - og milliskýrslunni skilað á réttum tíma. Næst er áætlaður LTT4 fundur, vinnusmiðja í Budapest í Ungverjalandi í mars 2023.

[Sprengjuárás í Istanbul setti strik í reikninginn | Verkmenntaskólinn á Akureyri \(vma.is\)](https://vma.is)

2.2. DigitalVET4all

2021-1-FI01-KA220-VET-000025516

Verkefnið miðar að því að skapa rafrænan vettvang fyrir verknámskennara í Evrópu til að deila upplýsingum um kennsluáðferðir sem byggja á upplýsingatækni og sýndarveruleika. Markmiðið er að nýta vettvanginn til að prófa sig áfram með nýstárlegar stafrænar lausnir í verknámi og deila reynslu sín á milli. Verkefnið er hugsað sem verkfæri fyrir mobility starfsnám. Danmar í Póllandi hanna heimasíðuna/hugbúnaðinn. Verkefninu er stýrt af Omnia í Finnlandi en aðrir samstarfsaðilar í verkefninu eru; Vamia í Finnlandi, Danmar Computers í Póllandi, ATEC í Portúgal, Samiedu Finnlandi, RBZ am Schützenpark, SŠGT Slóveníu, KAK í Eistlandi og Verkmenntaskólinn á Akureyri. Tveir kennarar af rafdeild VMA taka þátt í verkefninu fyrir hönd skólans; Haukur og Magni ásamt Dagnýju verkefnastjóra erlendra verkefna. Desember 2021 hafði þegar upphafsfundur verkefnis verið haldinn rafrænn, Dagný sat upphafsfundinn.

2.2.A.

Fyrsti fundur
11. - 17. Sept

Lissabon, Portúgal

Þátttakendur: Haukur Eiríksson og Magni Rúnar Magnússon

Fyrsta skiptið sem hópurinn kom allur saman. Almennt hafa verið haldnir 1-2 rafrænir fundir um verkefnið í mánuði síðan í janúar þar sem fjölbreyttum verkefnum tengd undirbúningi hefur verið útdelt, unnin, skilað og rædd. Í Lissabon voru haldnar almennar kynningar á stöðunni. Farið yfir verkaskiptingu. Það var gerð SVÓT greining á verkefninu. Næsti fundur verður haldinn í Kiel í Þýskalandi í mars 2023.

[Mikið um að vera í Evrópuverkefnum á næstunni | Verkmenntaskólinn á Akureyri \(vma.is\)](#)

2.3. ApprEUance

2021-1-FR01-KA220-VET-000025888

Verkefnið ApprEUance fjallar mest um það við hvaða aðstæður nám fer fram. Hvar t.d. í skóla á vinnustað og almennt í uppeldi og samfélagi? Við lærum ekki öll eins, er verið að hjálpa nemendum við að átta sig á því hvernig þau læra og hvaða aðstæður henta þeim best. Fá namar að ráða því og við hvaða aðstæður þau læra hlutina? Unnið er með hugtök eins og „learnance“ sem hefur verið þýtt á íslensku sem lærdómsstaður eða lærdómsaðstæður. Í verkefninu var lögð fyrir könnun (VMA gat því miður ekki verið með því að öllu leyti) og í framhaldinu verða tekin viðtöl við nema til að reyna að fá fram svör við því hvernig þau læra og hvort þau átta sig á því hvernig þau læra og hvað hentar þeim. Hugsanlega erum við með of fastmótaðar skoðanir á því hvernig nám fer fram – og þetta vill verkefnið skoða. Á árinu 2023 lýkur verkefninu með fundum á Írlandi í mars, í Frakklandi í apríl og aftur í Frakklandi til að gera verkefnið upp haustið 2023.

2.3.A.

Fundur.

7.-11. nóvember.

VMA, Akureyri.

Þátttakendur: Jóhannes Árnason, Dagný Hulda, fleira starfsfólk og valinn hópur nemenda.

Hópur sérfræðinga um starfsnám heimsótti VMA til að kynna VMA og sjá dæmi um starfsnám og kynna samfélaginu hér almennt. Hópurinn taldi 12 manns frá Portúgal, Írlandi, Frakklandi, Slóveníu, Belgíu og svo heimamenn úr VMA. Farið var í heimsóknir í Fjölsmiðjuna, til Hölds og í Framhaldsskólann á Laugum. Næsti fundur er skipulagður á Írlandi í mars 2023.

[Ræddu samstarf skóla og vinnustaða í ApprEUance Evrópuverkefni | Verkmenntaskólinn á Akureyri \(vma.is\)](#)

2.4. Rotten shark & aioli

2019-1-FR01-KA229-062996

Rotten Shark & Aioli er samstarf tveggja skóla, matvælabrautar VMA og MFR La Tour d'Aigues í Suður Frakklandi. Franski skólinn er hluti af MFR kerfinu sem rekur marga litla skóla í dreifðum byggðum í Frakklandi og fleiri löndum. Markmið verkefnisins er að vinna með matarhefðir, bæði gamlar hefðir og nútíma matvælaframleiðslu og nýtingu á svæðunum sem skólarnir þjóna. Við hér í Eyjafirði skoðum eigin matvælaframleiðslu og nýtingu og það sama gera nemendur skólans í Frakklandi. Verkefnið hefur legið í dvala yfir covid en hafa verið í virkum samskiptum við MFR, og loks tókst að framkvæma verkefnið á vorönn 2022. Þegar kom að gerð lokaskýrslu um haustið, var þessum tiltekna skóla lokað með litlum fyrirvara - og er því vinna að fá lokagreiðslu verkefnisins til okkar þar sem greiðslan kemur ekki frá landsskrifstofunni, heldur beint frá samstarfsskólanum sem stýrir þessu.

2.4.A

Vinnusmiðja 1.

19. - 26. mars 2022.

La Tour d'Aigues, Suður Frakkland.

Þátttakendur: Ari Hallgrímsson, Edda Björk Kristinsdóttir, Íris Björk Hafþórsdóttir og Marína Sigurgeirsdóttir. 12 nemendur.

Þann 19. mars fór hópur 12 nemenda ásamt 4 starfsmönnum matvælabrautar. Þau lentu í París og tóku lest til La Tour d'Aigues í suður Frakklandi, og kynnst staðbundinni eldamennsku. Þau kynntust staðbundnum hráefnum, fóru í langar gönguferðir og að lokum gerðu þau handrit af uppskriftabók sem verður lokaafurð verkefnisins. Þau fengu heilan dag í París í lok ferðar og kynntust veitingahúsameningu Parísar.

[Á leið til La Tour-d'Aigues í Suður-Frakklandi | Verkmenntaskólinn á Akureyri \(vma.is\)](#)

[Af Evrópuverkefnum nemenda VMA | Verkmenntaskólinn á Akureyri](#)

2.4.B

Vinnusmiðja 2.

25. - 30. apríl 2022

VMA, Akureyri.

Þátttakendur: Allt starfsfólk matvælabrautar, auk margra nemenda.

Hópur 5 nemenda og 2 kennara frá MFR La Tour d'Aigues í Frakklandi fyrir verkefnið Rotten Shark & Aioli. Hópurinn kynnti sér staðbundið hráefni og eldun. Þau heimsóttu meðal annars Hrísey á hákarlasafnið, heimsóttu Ektafisk á Hauganesi. Heimsóttu Mývatn og fengu hverabrauð. Afurðin var uppskriftabók með sameiginlegum uppskriftum frá Frakklandi og Íslandi.

[Nemendur og kennarar frá Suður-Frakklandi í Evrópuverkefni í VMA | Verkmenntaskólinn á Akureyri](#)

2.5. Ready for the world

2020-1-IS01-KA229-065828

VMA stýrir verkefninu.

Verkefnið er samvinnuverkefni þriggja skóla sem munu sameiginlega vinna að því að finna leiðir til að valdefla og aðstoða konur sem standa höllum fæti í samfélaginu. Auk VMA taka skólarnir SOSU Randers í Danmörku og Morgen College sem er hluti af Landstede skólunum sem staðsettir eru í Harderwijk í Hollandi. Hver skóli setur saman 10-15 manna nemendahópa með fjölbreyttan bakgrunn sem mun hittast í hverju landi fyrir sig og vinna sameiginlega með þema verkefnisins. Nemendur af hug- og félagsvísindabraut taka þátt í verkefninu fyrir hönd VMA. Fyrsta vinnusmiðja var haldin í Danmörku haustið 2021.

Umsjónarmaður verkefnisins er Hrafnhildur Sigurgeirsdóttir, en auk hennar koma Valgerður Dögg Jónsdóttir, Rósa Margrét Húnadóttir, Bryndís Indíana Stefánsdóttir og Jóhannes Árnason að verkefninu fyrir hönd VMA.

2.5.A

Vinnusmiðja 2.

13. - 19. mars 2022.

Harderwijk, Holland.

Þátttakendur: Valgerður Dögg Oddudóttir Jónsdóttir, Bryndís „Inda“ Stefánsdóttir, Jóhannes Árnason og 14 nemendur.

Þrjú kennarar héldu utan með hópi 14 nemenda. Verkefnið gengur meðal annars út á að að nemendur í skólunum skoði sín samfélög út frá því hvernig þau leggi fólki lið á ýmsan hátt. Hrafnhildur Sigurgeirs átti að fara í ferðina en forfallaðist rétt fyrir brottför, svo Jóhannes fór í hennar stað. Ferðin gekk vel þrátt fyrir eitt covid smit innan hópsins, öll komust út og heim án vandkvæða. Kennarar og nemendur hæstánægðir með heimsóknina og áberandi hversu

vel íslenski hópurinn hristist saman í ferðinni og komu þau heim félagslega sterkari. Við heimkomu tók hluti nemenda við stjórn nemendafélagsins Þórdunu.

[Taka þessa viku þátt í Ready for the World í Harderwijk | Verkmenntaskólinn á Akureyri \(vma.is\)](#)

[Af Evrópuverkefnum nemenda VMA | Verkmenntaskólinn á Akureyri](#)

2.5.B

Vinnusmiðja

11. - 17. september 2022.

VMA, Akureyri.

Þátttakendur: Hrafnhildur Sigurgeirsdóttir, Valgerður Dögg Oddudóttir Jónsdóttir, Bryndís „Inda“ Stefánsdóttir og 15 nemendur frá VMA.

26 nemendur og 4 kennarar í heimsókn frá Danmörku og Hollandi.

Þessa viku hafa verið í heimsókn í VMA hópar nemenda og kennara frá Morgen College og Randers Social og sunhedsskole. Frá Randers komu 12 nemendur og 2 kennarar en frá Hollandi 14 nemendur og 2 kennarar. Þessi heimsókn gestanna frá Randers og Harderwijk er lokaáfanginn í þessu verkefni, sem fór í fullan gang á síðasta ári. Dagskráin í vikunni var fjölbreytt. Meðal annars voru kynningar hópa, farið var í hvalaskoðun frá Hauganesi, kynning var á starfsemi Súlna – björgunarsveitar Slysavarnafélagsins Landsbjargar á Akureyri og í gær var farið í dásamlegu veðri í náttúruskoðunarferð í Mývatnssveit. Síðan lá leiðin til Húsavíkur þar sem farið var í Sjóböðin og deginum lauk með máltíð á veitingastaðnum Sölku á Húsavík.

[Ready for the World - VMA september 2022 \(myalbum.com\)](#)

[Kennarar og nemendur frá Danmörku og Hollandi í VMA | Verkmenntaskólinn á Akureyri](#)

2.6. VET4change

2020-1-FR01-KA202-080504

Verkefnið er fjármagnað af Erasmus en markmið verkefnisins er að þróa aðferðir til að koma á betra samtali milli verknámsskóla og aðila sem koma að stefnumótun. Verkefninu er enn fremur ætlað að gera þessum aðilum kleift að greina betur þarfir nærsamfélagsins þegar kemur að menntunarþörf. Þátttakendur í verkefninu auk VMA eru; MFR Grand Est Frakklandi, Breza Króatíu, BSC Slóveníu, IFOCAP Frakklandi, Inter Mondes Belgíu, Leader Union Eistlandi og GAL Cluj Napoca Rúmeníu.

2.6.A

Vinnufundur

8. -14. maí 2022.

Kranj, Slóvenía.

Þátttakandi: Jóhannes Árnason.

Vinnufundur tengdur verkefninu. Höfuðstöðvar voru í Kranj í Slóveníu en einnig var komið við við Bled vatnið. Nokkrir skólar heimsóttir og fleiri staðir sem vinna að málefnum svæðisins sem þau voru á. Fyrirtæki því tengd skoðuð, bæði einkaaðilar og opinberir.

2.7-8. Nám og þjálfunarstyrkir Erasmus+.

2019-2-IS01-KA102-065678 og
2020-1-IS01-KA102-065735

Þessi styrki var sótt um fyrir árið 2019 og 2020, áður en covid-faraldurinn reið yfir heiminn. Tilgangur styrkjanna var að senda útskriftarnemendur á hársnyrtið í hópferð á námskeið í Malaga á Spáni, matreiðslu-, þjóna-, og sjúkraliðanema til Norðurlanda í starfsnám. Starfsfólk átti að senda til norðurlanda í starfsspeglanir tengda þessum ferðum. Þessir styrkir hafa að mestu legið í dvala síðustu ár, en með framlengingu tókst að nota styrkina með smávægilegri breytingu.

2.7.A

31. janúar - 11. febrúar 2022.

Malaga, Spánn.

Þátttakendur: Harpa Birgisdóttir, Hildur Salína Ævarsdóttir og 6 nemendur.

Hópur fór til Malaga í hárgreiðsluskólana Grupo Nebro og El Palo – til að læra meira um litagreiningar og umhverfisvænni hárvörur. Hópurinn kom heim með diplómur.

Tveir nemendur urðu að hætta við stuttu fyrir brottför, vegna rísandi covid-ástands í heiminum, en þau fóru þó 6.

2.7.B

3. - 7. júní 2022.

Helsinki, Finnland.

Þátttakandi: Hanna Þórey Guðmundsdóttir

Forstöðumaður bókasafns VMA fór í hópi 13 bókasafnsforstöðumanna úr framhaldsskólum landsins í fræðsluferð til Helsinki um bókasöfn og uppsetningu almenningsbókasafna landsins – en þar miklir fjármunir og metnaður settur í almenningsbókasöfn en mun minni hefð er fyrir skólabókasöfnum.

2.7.C

26. - 30. september 2022

Lahti og Helsinki, Finnland.

Pátttakendur: Helga Júlíusdóttir, Svava Hrönn Magnúsdóttir og Ómar Kristinsson.

Starfsspeglunarheimsóknir í gamla samstarfsskóla VMA. Salpaus í Lahti, og Axxell í Finnlandi. Markmið að kynna finnsku skólastarfi og námsráðgjöfum, með áherslu á móttöku nema með önnur móðurmál.

2.7.D

9. - 13. október 2022

Kaupmannahöfn, Danmörk.

Pátttakendur: 5 kennarar af starfsbraut. Inga Dís Árnadóttir, Urður María Sigurðardóttir, Dagbjört Lauritz Agnarsdóttir, Hafdís Björg Bjarnadóttir og Margrét Bergmann.

Tilgangur ferðarinnar var starfsspeglun og á sama tíma að finna nýja samstarfsaðila VMA í skólum þar sem starfs- eða sérnámsbrautir eru í boði. 3 skólar voru heimsóttir á þremur dögum.

1. Hans Kristian Instituttet
2. UNGES Uddannelsescenter v/FONDEN UNGES
3. Behandlingskolerne

3. Verkefni fjármagnað af uppbyggingarsjóði EES



3.1. BlendVET

BlendVET er fjármagnað af uppbyggingarsjóði EES og er samstarfsverkefni þriggja landa; Íslands, Slóveníu og Noregs. Meginviðfangsefni BlendVET er að efla stafræna færni og þróa kennslufræðilegar lausnir til að innleiða blandað nám á verknámsbrautum. Verkefnið byggir á samstarfi milli verknámsskóla og háskóla í hverju landi fyrir sig og eru Háskólinn á Akureyri og Verkmenntaskólinn á Akureyri fulltrúar Íslands í verkefninu. Helga Jónasar tók fyrst þátt í verkefni nu sem verkefnastjóri, en varð frá að hverfa vegna veikinda í mars. Dagný tók við hennar skyldum ásamt Höllu (með fjármálahlutann), fram í október 2022 þegar Jóhann Þorsteins tók við verkefnastjórn.

Teymi kennara í verkefninu eru af þremur deildum. Af byggingadeild eru Jóhann Þorsteins og Helgi Valur. Af listnámsbraut eru Helga Jónasar og Ína. Af hársnyrtibraut er Harpa Birgis og Hildur Salína.

Afurðir verkefnisins komust langt á árinu. Byggingadeild er að búa til 360° kennslustofu, þar sem hægt er að ganga um stofuna og skoða hvernig vélbúnaður virkar og hægt er að skoða öryggismál með myndböndum sem þeir búa til á árinu. Listnámsbraut er annars vegar að búa til myndbönd um uppsetningu í íslenska vefstólinn, og um notkun Fab-Lab í kennslu. Hárgreiðslubrautin er að útbúa myndbönd sem má nota fyrir verklega heimavinnu hárgreiðslunema.

3.1.A

Fundur

3.-10. apríl 2022

Kongsberg, Noregur.

Þátttakendur: Dagný Hulda Valbergisdóttir, Jóhann Þorsteinsson, Hildur Salína Ævarsdóttir, Halla Hafbergisdóttir.

Þetta var fyrsti fundur þátttakenda í raunheimum „study visit“, í Kongsberg í Noregi. Tveim skólaheimsóknum var fléttað inn, Fagskolen í Viken og í Assiden í Drammen. Heimsóknin er hluti af WP.3.1, sem snýr að undirbúningi og stjórnun verkefnisins. Ásamt ströngum fundum er snúa skipulagi og skilgreiningum, hristist hópurinn saman og markmið verkefnisins urðu skýrari. Auk heimsóknarinnar voru ótal fundir haldnir á netinu á árinu.

4. Verkefni fjármögnuð af Nordplus



VMA tók þátt í fjórum verkefnum styrktum af Nordplus árið 2022. Framkvæmd tveggja verkefna var í fullum gangi frá því fyrir covid, og sóttum við um þátttöku í tveimur verkefnum sem bæði fengust í gegn.

4.1. Empowerment by innovation – a must for inclusion.

NPJR-2019/10113

Viðskiptabraut VMA vinnur að verkefninu. Verkefnið gengur út á að hópar nemenda og kennara hittast í þáttökulöndunum til að vinna saman að ákveðnum verkefnum. Í verkefninu er verið að fjalla um að frumkvöðlastarfsemi og sköpun skiptir miklu máli þegar við ræðum um að minnihlutahópar komist að fullu leyti inn í samfélagið. Það er mikilvægt að ræða um það og nemendahóparnir munu vinna með þessi mál.

4.1.A.

Vinnusmiðja

26. - 30. september 2022

VMA, Akureyri.

Pátttakendur: Katrín Harðardóttir, Íris Ragnarsdóttir, Hilmar Friðjónsson og fleiri kennarar. Stór hópur gesta.

Hópur kennarar og nemenda frá Danmörku, Finnlandi, Svíþjóð, Eistland, Litháen komu í heimsókn á viðskiptabraut VMA. Markmiðið var að ungt fólk kæmi með lausnir fyrir eldra fólk sem veitti eldra fólk gleði. Meðal annars var farin ferð í Mývatnssveit, þar sem nemendum og kennurum var sýnd íslensk náttúra og sagðar sögur af Jónasi Jónsson, fyrrum kennara við VMA. 12 eldri borgurum, allt fyrrum kennurum VMA, var boðið með í ferðina. Eldri borgarar voru paraðir saman við hópa nemenda og eyddu þau góðum degi saman.

[Nordplus verkefni í VMA - sjónum beint að málefnum aldraðra | Verkmenntaskólinn á Akureyri](#)

4.1.B.

Vinnusmiðja

6. - 13. nóvember 2022

Rakvere, Eistland.

Pátttakendur: Íris Ragnarsdóttir + 4 nemendur af viðskipta og hagfræðibraut.

Íris Ragnars kennari af viðskipta- og hagfræðibraut fór til Rakvere í Eistlandi með 4 nemendur. Þau hittu sambærilega hópa frá Svíþjóð, Danmörku, Finnlandi, Eistlandi og Litháen. Þau unnu frumkvöðlaverkefni þar sem einblínt er á minnihlutahópa og hvernig er hægt að létta þeim lífið. Á Íslandi í september var þemað öldrun, í Eistlandi var það fólk án atvinnu. Fundurinn gekk mjög vel, nemendum fannst heimsóknin skemmtileg og nytsamleg og til urðu mörg ný vinasambönd. Almenn ánægja var með íslensku krakkana meðal kennara og nemenda úti.

4.2. Klimaangst - Nordisk vennskap for å møte unges klimaangst - et nordisk språkprosjekt.

NPLA-2022/10046

Verkefnið snýst um loftslagsmál, með áherslu á loftslagskvíða og hvernig við getum notað hann til góðra verka. Ætlunin er að vinna með nemendum að þessum málum svo þau átti sig á áhrifum mannsins á náttúruna og hvernig lofslagsmál hafa áhrif á þeirra nærumhverfi. Þetta verður gert með fyrirlestrum, vinnustofum, skoðunarferðum o.fl., auk þess sem ætlunin er að kynna fyrir nemendum hvernig rithöfundar, listamenn, fjölmiðlar, vísindi o.s.frv. lýsa áhyggjum af stöðu loftslagsmála í heiminum. Þeir fá að koma á framfæri hugmyndum sínum í gegnum tungumál, skapandi verkefni o.fl. Nemendur fá einnig tækifæri til þess að deila reynslu sinni og kynnast reynslu annarra þjóða.

Ætlunin er að kennarar landanna heimsækja hvern annan á þriggja ára tímabili, deila reynslu sinni og nemenda sinna með gestgjöfum. Hjá okkur í VMA er ætlunin að nýta verkefnið í kennslu í dönsku og íslensku.

4.2.A.

Fundur

11. janúar - 15. janúar

Kaupmannahöfn, Danmörk.

Þátttakendur: Annette de Vink og Snorri Björnsson íslensku- og kynjafræðikennari.

Undirbúningsfundur í Kaupmannahöfn. Hópurinn fundaði dagana 12. - 14. janúar til þess að ræða um og móta nýtt verkefni og skrifa svo umsókn. Skólarnir voru frá Íslandi, Noregi, Svíþjóð, Færeyjum og Danmörku.

4.2.B

Fundur

21. - 23. september

VMA, Akureyri.

Þátttakendur: Annette de Vink, Snorri Björnsson og 7 skandinavískir kennarar (2DK, 2FOI, 2NO, 1SE)

Kennarar heimsóttu nærumhverfi Akureyrar með áherslu á umhverfisvernd, klassísk Mývatns- og Húsavíkurferð. Þau hlýddu á fyrirlestur í VMA um veðurfarsbreytingar á Íslandi. Þau heimsóttu nemendur í VMA og lögðu fyrir þau verkefni sem tengjast loftlagskvíða - og sátu svo fund til að meta svörin.

4.3. Nordic Green Shift in Education

[NPAD-2023/10170](#)

Undirbúningsfundur umsóknar.

Mán 12. - fim 15. desember.

Kaupmannahöfn, Danmörk.

Þátttakendur: Benedikt Barðason og Hanna Þórey Guðmundsdóttir.

Tilgangurinn var að undirbúa Nordplus umsókn hópi samstarfsskóla, sem hafa verið í samstarfi með VMA í mörg ár meðal annars í Nordplus verkefninu FING.

4.4. FING

Verkefnaanúmer vantar.

VMA hefur tekið þátt í FING verkefninu í nokkur skólaár. FING vísar til upphafsstafa þátttökulandanna, Færeyja, Íslands, Noregs og Grænlands. Auk VMA taka þátt í verkefninu Stavanger offshore tekniske skole í Stavanger í Noregi, sem er leiðandi í verkefninu, KTI í Sisimiut á Grænlandi og Vinnuháskúlin í Þórshöfn í Færeyjum. Segja má að covid hafi frestað lokahnykk verkefnisins en lokafundur var haldinn í Þórshöfn í Færeyjum í lok september 2022. Þar var farið yfir árangur verkefnisins og rætt um að senda inn umsókn fyrir áframhaldandi samstarfi næstu árin á svipuðum nótum.

4.4.A.

Fundur

26. - 30. september 2022

Þórshöfn, Færeyjar.

Pátttakandi: Benedikt Barðason

Á fundinum í Þórshöfn í september 2022 var rætt um áframhaldandi samstarf og vilji skólanna staðfestur. Þá var einnig skoðaður vindmyllugarður nærri Þórshöfn og ýtarlega farið yfir áhrif hans á raforkuframleiðslu í Færeyjum ásamt tæknilegum atriðum er varða stýringar og dreifingu. Þá var fyrirlestrardagur í Vinnuháskúlanum fyrir fullum sal af nemendum. Þar var farið yfir orkumál eyjanna, jarðefnaeldsneyti og aðra möguleika, erindi um orkubera, endurnýjanlega orkugjafa og loks um förgun koldíoxíðs. Á degi 3 var haldið til Kirkjubæjar og gamla biskupssetrið skoðað undir góðri leiðsögn Paturssons fjölskyldunnar.

5. Heimsóknir kennara í VMA

5.A.

Starfsspeglun, kennarar komu hingað á Erasmus+ styrk.

4 kennarar í starfsspeglun frá Esedu, Finnlandi.

4. og 5. apríl 2022

Í apríl komu fjórir kennarar frá verknámsskólanum Esedu (<https://esedu.fi/en/>) í Pieksämäki, nálægt Mikkeli í Finnlandi. Kennararnir eru fjórir og kenna „heilsu“ (sem er mjög vítt svið- allt frá tólmstundafræði, sjúkraliðar, leikskólaliðar og sérhæfð, persónuleg aðstoð við fatlaða, fótaaðgerðafræði og ýmislegt fleira) og voru á Akureyri í starfsspeglun hér í VMA 4. - 5. apríl. Þar að auki heimsóttu þau leikskólana Hólmasól og Iðavelli. Það stóð til þau fengu að skoða Kristnes, en vegna skyndilegra veikinda þar á bæ fengu þau að fara í Lögmannshlíð í staðinn. Jóhannes Árnason sá um að lóðsa hópinn um skólann í fjarveru Dagnýjar (sem var stödd í Noregi), og sátu þau tíma inni á sjúkraliðabraut, starfsbraut og sérnámsbraut.

5.B.

Skólaheimsókn.

3 kennarar, 7 nemendur í heimsókn.

Apríl 2022.

Í maí 2019 fór hópur starfsmanna VMA til Brussel í Belgíu og kynnti sér þar starfsemi nokkurra skóla og stofnana. Meðal annars fór hluti hópsins í heimsókn í list- og bóknámsskólann Atheneum Anderlecht, sem hefur á ýmsan hátt líkar áherslur í námi og listnáms- og hönnunarbraut VMA. Út frá þessari heimsókn sköpuðust tengsl við þennan skóla og kom síðan hópur átta nemenda og með þeim tveir kennarar frá skólanum í heimsókn í VMA. Hingað mættu 3 kennarar og 7 nemendur á lokaári í margmiðlun (ljósmynd-film-video-hljóðvinnslu). Markmið þeirra var að undirbúa sýning um Ísland í Anderlecht: þau ferðuðust um til þess að safna hljóð- og mynd-efni til frekara úrvinnslu. Dagskrá var frá sunnudegi til þriðjudags, grill í kjarnaskógi, rúntur um VMA, kynning á sýndarveruleikagleraugum, Listasafnið á Akureyri – kynning um verkefnið haldin í VMA og endaði dagskráin á vinnustofu um „Land Art“ á Hjalteyri.

Á móti gestunum tóku kennararnir Jóhannes Árnason og Véronique Legros, allir kennarar á listnámsbraut og Dagný Hulda Valbergsdóttir var í stuðningshlutverki. Þau kynntu fyrir þeim starfið í VMA auk fróðleiksmola um Ísland.

[Skólahópur frá Belgíu í heimsókn í VMA | Verkmenntaskólinn á Akureyri](#)

5.C

23. - 24. maí

5 rafkennarar í starfsspeglun

Mættu hingað í sömu viku og EIcoTeam heimsóknin fór fram. Kennararnir fengu að fylgja hluta dagskrár og voru með okkur í tvo daga. Kynntu sér orkumál Íslendinga og íslenskt skólakerfi.

5.D.

23. - 28. september

10 kennarar í starfsspeglun.

10 franskir bókmenntakennarar úr frönskum kennaraskóla - sem þjálfar kennara sem ætla að kenna í bændaskólum. Skólinn er staðsettur í Toulouse [ENSFEA » Ecole Nationale Supérieure de Formation de l'Enseignement Agricole](#). Starfa kennararnir í skólum vítt og breitt um Frakkland. Þau komu hingað til að fá sýn á áherslu Íslendinga á móðurmáls- og bókmenntakennslu. Dagný fylgdi þeim flesta daga vikunnar en þau heimsóttu einnig framhaldsskólann á Sauðárkróki, Amtsbókasafnið og heimsóttu bónda í Gullbrekku í Eyjafjarðarsveit. Úr þessu varð óvænt samstarf en kennari og túlkurinn í hópnum (sem eru mæðgin) buðust til að taka á móti þjónanema í Erasmus náms- og þjálfunarverkefni og stefna er að senda hann út í mars 2023.

[Franskir kennarar í heimsókn | Verkmenntaskólinn á Akureyri \(vma.is\)](#)

5.E.

Mán 17. - mið 19.okt, ferðapjónustukennari í heimsókn.

Hannele Komi-Pelkonen, ferðapjónustukennari frá verknámsskólanum Salpaus í Lahti, Finnlandi kom hingað til að hitta og meta Jonnu, nemandur sem var á mobility styrk á Akureyri í starfsnámi hjá Eldingu hvalaskoðun og var 8 vikur alls. Hannele var að koma til Akureyrar í fyrsta sinn en hún hafði hitt Helgu, Ómar og Svövu nokkrum vikum áður þar sem þau voru í starfsspeglun í Salpaus. Hannele kom við í VMA í tvo daga til að kynna sér skólann og styrkja sambönd milli skólanna. Jonna fylgdi henni annan daginn.

6. Móttaka erlendra starfsnema á vegum nám og þjálfunarstyrkja Erasmus+

Alls hafði VMA milligöngu um 11 nemendur sem komu til Akureyrar á náms- og þjálfunarstyrk Erasmus+. Nemendurnir komu frá þremur skólum, SOSU Randers og SOSU Herning í Danmörku, og

Salpaus í vinabænum okkar Lahti í Finnlandi. Nemendurnir voru á aldrinum 21 – 48 ára, störfuðu á leikskólum, hjúkrunarheimilum og í ferðaþjónustu. Almennt er „Erasmus vinnuvikan“ 35 klst, en nemarnir fá ekki greitt fyrir vinnu sína frá vinnustöðunum en skólinn þeirra sér til þess að Erasmus styrkurinn dugi þeim fyrir húsnæði og upphaldi.

6.A.

7.janúar - 11.febrúar

3 leikskólaliðar í starfsnám.

Þrjú leikskólaliðanemendur komu frá SOSU Randers í Danmörku. Þær komu á Erasmus+ mobility styrkjum til að starfa sem leiðbeinendur á þremur leikskólum bæjarins: Iðavelli, Hulduheimum Holtakoti og Hulduheimum Seli. Nokkrir hnökror voru í ferðinni vegna Covid-19 farsóttar, ein fékk covid rétt fyrir komu og varð að fresta sinni komu um 2 vikur, hinar tvær lentu í sóttkví fyrstu vikuna en reyndust Covid-lausar. Fyrir utan það gekk samstarfið mjög vel og leikskólaliðarnir ánægðar með reynsluna og leikskólarnir sömuleiðis. Einn leikskólinn er enn í sambandi við nemann „sinn“, þegar þetta er skrifað.

6.B.

10. ágúst - 15. september

Erasmus+ sjúkraliðanemi frá Randers á Kristnes.

Karina, 48 ára sjúkraliðanemi mætti galvösk til Akureyrar og starfaði á Kristnesi í 5 vikur. Samstarfið gekk ljómandi vel, starfsfólkið á Kristnesi var ánægt með hennar störf auk þess sem hún eignaðist fleiri vini en við eigum flest hér í bæ.

6.C.

1. september - 28. október

Erasmus+ ferðaþjónustunemi frá Salpaus, Lahti, Finnlandi.

Jonna kom hingað í starfsnám á Hvalaskoðunarbáti hjá Eldingu á Akureyri. Jonna hafði aldrei farið í hvalaskoðun áður, svo starfið reyndist henni framandi. Hún fann sig vel í firðinum okkar, elskaði vinnuna og naut sín vel á Akureyri og stefnir aftur hingað í sumarvinnu í maí 2023, á sama stað. Á meðan dvöl hennar stóð hélt hún blogg, en hún er frábær penni. [Blog | Waves And Whales \(jonnaaniemi.wixsite.com\)](https://jonnaaniemi.wixsite.com)

6.D.

13. - 28. október 2022.

3 danskir nemar í starfsnám á Lögmannshlíð og leikskólann Klappir. Frá SOSU Herning.

Þrjú nemar komu frá SOSU Herning, Danmörku, tveir sjúkra- og félagsliðanemar og einn leikskólaliðanemi. Þetta verkefni er á vegum Erasmus+ og er aðeins annars eðlis en störf þeirra nema sem við höfum áður tekið á móti, en þau hófu fyrst nám í ágúst og eru öll á fyrstu önn í sínu námi, og markmiðið er þau vinni um 26 klst á viku á sínum vinnustöðum. Hlutverk þeirra er líkara áhorfanda heldur en eiginleg nemastörf. Þau störfuðu á Lögmannshlíð og leikskólanum Klöppum í tvær vikur og gekk vel.

6.E.

Mið 16.nóv - sun 18.des 2022.

3 Erasmus+ starfsnemar á Hlíð, frá SOSU Randers.

3 nemar frá SOSU Randers komu hingað í þeim tilgangi að vinna á Hlíð í 5 vikur. Þau eru sjúkraliðanemar og öll komin yfir þrítugt. Starfið á Hlíð gekk vel. Þau komu í heimsókn í VMA til að kynna sér skólann og hitta nemana tvo sem munu fara í sambærilegt starfsnám á öldrunarheimilum í Randers í janúar 2023.

7. Lokaorð

Þátttakendur VMA í ferðum erlendis í samstarfsverkefnum almanaksárið 2022 voru alls: 37 starfsmenn og 44 nemendur. Alls gera það 81 einstaklinga sem hafa tekið þátt í erlendu samstarfi, styrktu af Erasmus+, Nordplus eða Uppbyggingarsjóði EES.

Þá tók VMA á móti 85 kennurum og 79 nemendum í sambærilegum tilgangi. Alls eru það 164 gestir frá samstarfsskólum VMA úti í Evrópu. Þá eru aðrar óformlegar heimsóknir hingað og erlendis ótaldar sem farnar eru utan þessara verkefna. Almennt er mikil samstaða meðal starfsfólks og langflestir boðnir og búnir til að taka á móti eða aðstoða á annan hátt við móttöku þessara hópa. Kennarar bjóða inn í kennslustund, bjóða erlendum kollegum til sín í kaffi innan eða utan skólans, Hanna á bókasafninu hefur tekið marga hópa til sín, stuðningsfulltrúar hafa lóðsað marga hópa í gegnum D-álmuna jafnvel með engum fyrirvara, þjónustuliðar hafa oft aðstoðað ef þarf að hella upp á kaffi eða aðstoða við annað slíkt og allt starfsfólk almennt ósérhlífið og ófeimið við að nýta persónuleg tengsl gestum okkar til góða. Sérstaklega má nefna þá Jón Þór Sigurðsson og Árna Björnsson sem sjá um Fab-Labið en þeir hafa tekið næstum hvern einasta hóp sem hingað kemur í styttri eða lengri leiðsögn og jafnvel tekið hópa kennara eða nemenda í kennslustund í einhverju formi.

Erlend samstarfsverkefni og heimsóknir VMA hafa skilað miklu inn í kennslu, nám og ekki síst skólalíf nemenda okkar. Ljóst er að langflestir nemendur sem koma heim eftir styttri eða lengri dvalir erlendis eflast í lífi, námi og/eða starfi við reynsluna. Það er ómetanleg reynsla fyrir okkur sem kjósum að búa í þessum hluta veraldar og sérstaklega fyrir unga fólk okkar sem er að fóta sig í lífinu að víkka sjónadeildarhringinn á þennan hátt í þessu umhverfi. Verkefni hafa haft jákvæð áhrif á skólann okkar í heild og stefnan er að halda þessu áfram.